

REGLUR

um stöðureiti og gjaldtöku á Árhólmum í Hveragerðisbæ.

Þjónustugjald er innheimt á afmörkuðu svæði á Árhólmum í Hveragerði. Skulu eftirfarandi reglur gilda um stöðureiti og gjaldtöku á Árhólmum í Hveragerðisbæ.

1. grein

Heimilt er að leggja bifreiðum á afmörkuðum stöðureitum á Árhólmum í Hveragerðisbæ. Greiðslukerfi á Árhólmum byggir á greiningu bílnúmera með myndavélum. Þegar bíl er ekið inn á svæðið greinir kerfið bílnúmerið. Þegar ekið er út af svæðinu reiknar kerfið út þann tíma sem á að rukka fyrir og gjaldtöku lýkur þar með. Greitt er í gegnum smáforrit í síma eða í greiðsluvél sem staðsett er á svæðinu

2. grein

Gjaldskrá fyrir bifreiðastöður er sem hér segir:

Verð fyrir fólksbíla:

| | |
|--------------------|--------------|
| 0 – 15 mínútur | gjaldfrjálst |
| 15 - 60 mínútur | 200 kr./klst |
| Tími umfram 60 mín | 250 kr./klst |

Stærri bílar og smárútur : kr. 1.800,- eingreiðsla.
Hópfarabílar yfir 20 farþegar: kr. 3.500,- eingreiðsla

Gjaldtaka hefst um leið og bíl er lagt í stæði og henni lýkur þegar bifreið ekur út af svæðinu.

3. grein

Hveragerðisbær sér um innheimtu þjónustugjalda skv reglum þessum og skal þeim varið til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu stöðureitanna, viðhaldi þeirra og rekstri.

Þjónustugjöldum skal einnig ráðstafað til að greiða fyrir salernisaðstöðu og þjónustu við þau sem þar með er gjaldfrjáls fyrir gesti svæðisins. Einnig skulu þjónustugjöldin renna til greiðslu fyrir aðra þjónustu sem gestir svæðisins þurfa á að halda svo sem varðandi upplýsingagjöf, sorp og annað slíkt.

Þeim þjónustugjöldum sem enn verður óráðstafað eftir að greitt hefur verið fyrir framangreint mun verða varið til gerðar og viðhalds göngustíga á svæðinu og til tenginga við önnur samgöngumannvirki.

Gjaldskrá samkvæmt reglum þessum skal endurskoðuð árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 12. maí 2021 og endurskoðaðar af bæjarstjórn þann 9. september 2021..

Hveragerði 9. september 2021

Aldís Hafsteinsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri

